

4. fundur Skólaráðs – 7. mars 2024.

Mættir: Sigrún Jóna Eydal, Brynja Ásdís Einarsdóttir, Ester Petra Gunnarsdóttir var veik, fulltrúar foreldra, Nína Sólveig Svavarsdóttir og Tómas Heiðar Helgason, fulltrúar nemanda voru í prófi, Sólveig Baldursdóttir forfallast og Þórhildur Halla Jónsdóttir var veik, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólans kynnt
2. Skólanámskrá skólans kynnt
3. Skóladagatal fyrir næsta skólaár 2024-2025 kynnt
4. Önnur mál

1. Starfsáætlun skólans. Meðlimir skólaráðs kynntu sér starfsáætlun skólans á heimasíðunni og á fundinum var farið yfir valin atríði í henni. Fram koma að hún er ansi viðamikil og ítarleg. Skólastjóri sagði frá því að þessi starfsáætlun hafi verið unnin undir stjórn Vigfúsar Hallgrímssonar miðlægt fyrir skólana í Hafnarfirði en nú sé kominn tími á að endurskoða hana. Fulltrúar í skólaráði skrifuðu undir að hafa fengið kynningu á starfsáætluninni.

2. Skólanámskrá. Skólanámskrá skoðuð, bæði almenni hlutinn og árganganámskrá valinna árganga. Fulltrúar í skólaráði skrifuðu undir að hafa fengið kynningu á skólanámskránni. Góðar umræður áttu sér stað og ýmsar hugmyndir komu fram.

3. Skóladagatal 2024-2025. Skóladagatal næsta skólaárs kynnt, rætt um tímasetningu vetrarleyfa en annars voru skólaráðsfulltrúar sáttir og skrifuðu undir að hafa fengið kynningu á dagatalinu.

5. Önnur mál. Símafrí í apríl rætt og hugmyndir kynntar lauslega um fyrirkomulag.

Rætt um fyrirkomulag söngleikjar í ár en mikil ánægja var með hvernig til tókst með söngleikinn. Fram kom óánægja með að ekki fengu allir strax hlutverk þar sem óvenjumargir sóttust eftir að komast á svið sem er sannarlega jákvætt en erfitt að verða við. Upplýst var að söngleikurinn er stórt heildarverkefni þar sem allir þættir eru mikilvægir ekki einungis leikurinn á sviðinu og öllum bauðst að taka þátt í sótaraatriðinu sem var stækkað til að mæta eftirspurn eftir hlutverkum.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:40

Næsti fundur verður 26. apríl 2024

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir